

# PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSING LUNDAR SES

## Almennt

Heimavist MA og VMA er er rekin af Lundi sjálfseignarstofnun (hér eftir „Lundur“). Lundur rekur nemendagarðana á grundvelli þjónustusamnings við Menntamálaráðuneytið frá desember 2001 ( nú Mennta- og barnamálaráðuneyti). Lundi er umhugað um friðhelgi einkalífs og kappkostar að vernda persónuupplýsingar þínar. Í þessari persónuverndaryfirlýsingu kemur fram hvernig við umgöngumst þær persónuupplýsingar sem við geymum um þig og hvaða réttindi þú átt varðandi upplýsingarnar.

## Ábyrgðaraðili

Lundur ses. rekstrarfélag kt. 630107-0160, Eyrarlandsvegi 28, 600 Akureyri (hér eftir „Lundur“), er ábyrgðaraðili fyrir þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í tengslum við starfsemi heimavistarinnar.

## Hvaða upplýsingum söfnum við?

Persónuupplýsingar eru hvers kyns upplýsingar um einstakling sem gera mögulegt að persónugreina hann, beint eða óbeint. Við söfnum einkum eftirfarandi persónuupplýsingum um íbúa Heimavistarinnar:

- **Tengiliðaupplýsingar**, s.s. nafn, kennitölu, heimilisfang, netfang og símanúmer íbúa og forráðamanna.
- **Greiðsluupplýsingar**, s.s. nafn, kennitölu, heimili og pósthfang þeirra sem greiða húsaleigu. Einnig eru upplýsingar um nafn, kennitölu, bankanúmer og innleggsreikning til endurgreiðslu á tryggingargjaldi íbúa.
- **Upplýsingar** um séróskir og/eða sérþarfir vegna herbergjaumsókna.
- **Önnur gögn**, s.s. öryggismyndavélar eru staðsettar á ákveðnum stöðum til þess að gæta öryggis eins og lög leyfa og kveða á um.

Í vissum tilvikum getur verið um söfnun á persónuupplýsingum sem teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi persónuverndarlaga. Öll meðferð slíkra upplýsinga fer fram í samræmi við fyrirmæli laga um persónuvernd. Slíkar upplýsingar kunna að lúta að þáttum eins og kynþætti og þjóðernislegum uppruna, heilsu eða heilbrigðisástandi.

## Hvernig söfnum við upplýsingum?

Tengiliðaupplýsingum söfnum við frá þér í gegnum eyðublöð, síma, utan nets, vefsvæði eða tölvupóst, eða með öðrum hætti þar sem þú hefur m.a. veitt sjálfviljug/ur þessar upplýsingar. Jafnframt höldum við utan um greiðsluupplýsingar og útgefna reikninga sem eru nauðsynlegar vegna samningssambands okkar og til að uppfylla skilyrði skatta- og bókhaldslaga.

## Tilgangur vinnslu okkar á persónuupplýsingum

Við vinnum eingöngu persónuupplýsingar þínar að því marki sem lög heimila. Helstu tilvik eru eftirfarandi:

- Til að svara fyrirspurnum þínum og/eða bregðast við óskum þínum, t.d. til að tilkynna þér um viðburð.
- Til að efna samning okkar við þig um veitingu ákveðinnar þjónustu.

- Til að gæta lögmætra hagsmuna Lunda, t.d. hafa verið settar upp öryggismyndavélar í öryggis- og eignavörsluskyni, svo sem í tilviki þjófnaðar, skemmdarverka eða slyss.
- Myndefni sem Lundur birtir á heimasíðu sinni eða á samfélagsmiðlum er aðeins birt ef liggur upplýst samþykki frá viðkomandi íbúa, forráðamanni eða öðrum ef við á.
- Lundur þarf í vissum tilvikum að afla ákveðinna persónuupplýsinga vegna lagaskyldu, t.d. frá barnavernd.

### **Reglur sem gilda um rafræna vöktun**

Öryggismyndavélar eru við alla innganga Heimavistar MA og VMA og í almennum rýmum s.s. anddyri, lyftu, alrými við inngang á setustofu, alrými við mötuneyti og þvottahús og í alrými við þvottahólf, í skíða- og hjólageymslu.

Öryggismyndavélar eru mikilvægur hlekkur í öryggiskerfi Heimavistar MA og VMA. Reynslan sýnir að öryggismyndavélar hafa talsverðan fælingarmátt og geta verið ómetanlegar við að upplýsa þjófnaði, skemmdarverk og óæskilega hegðun milli einstaklinga. Þær eru hluti af þeirri viðleitni að verja eitur heimavistar, íbúa og starfsmanna og bæta öryggi á heimavistinni almennt.

Myndefnið sem verður til við rafræna vöktun er vistað á sérstökum netþjóni, sem einungis ábyrgðaraðili hefur aðgang að. Það er aðeins skoðað ef upp koma atvik sem varða eignavörslu og/eða öryggi, s.s. þjófnaður, skemmdarverk, slys eða óæskileg hegðun. Myndefnið er geymt að hámarki í 30 daga. Persónuupplýsingar sem verða til við rafræna vöktun er einungis miðlað ef hinn skráði samþykkir það og samþykkið uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 eða ákvörðun Persónuverndar um að heimila miðlun upplýsinganna liggja fyrir. Undantekning frá þessu er að heimilt er að afhenda lögreglu upptökur, ef upplýsingarnar varða slys eða meintan refsiverðan verknað.

Vöktunin fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna Heimavistar MA og VMA í tengslum við eigna- og öryggisvörslu, sbr. *lög nr. 90/2018*. Ábyrgðaraðili vöktunarinnar er Heimavist MA og VMA. Íbúar og aðrir sem á heimavistina koma eru upplýstir með merkingum um að rafræn vöktun fari fram. Hægt er að hafa samband við starfsmenn heimavistar MA og VMA varðandi rafræna vöktun á heimavist@heimavist.is eða leggja fram kvörtun við Persónuvernd í gegnum vefsíðu þeirra.

### **Miðlun til þriðju aðila**

Í því skyni að uppfylla þann tilgang sem lýst er hér að ofan kann að vera nauðsynlegt að miðla persónugreinanlegum upplýsingum um þig til þriðju aðila. Slíkir aðilar geta verið ábyrgðaraðilar eða vinnsluáðilar eftir atvikum. Helstu dæmi um slíka aðila eru eftirfarandi:

- Samstarfsaðilar s.s. Menntaskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Mötuneyti MA, Signet (S5-Advania) sem sér um rafræna samninga, aðgengi starfsmanna á heimavist. DK bókhaldskerfi, Húsnæðis og Mannvirkjastofnun (HMS) og Teams.
- Þjónustuaðilar okkar, t.d. hýsingaraðilar UT-búnaðar og fjarskiptafyrirtæki.
- Ráðgjafar okkar, t.d. lögmenn, endurskoðendur og váttryggjendur.
- Innheimtufyrirtæki.

Við miðlum gögnum einungis að því marki sem nauðsynlegt er og heimilum þriðju aðilum ekki önnur not þeirra.

## Flutningar til annarra landa

Við flytjum engar persónuupplýsinga til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES).

## Öryggi persónuupplýsinga

Lundur viðhefur viðeigandi öryggisráðstafanir í því skyni að hindra að persónuupplýsingar þínar glatist, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi. Aðgangur að upplýsingunum er auk þess takmarkaður við þá aðila sem nauðsyn ber til og sem eru bundnir trúnaðarskuldbindingu.

Ef upp kemur öryggisbrestur sem hefur áhrif á persónuupplýsingar munum við tilkynna slíkt til Persónuverndar og eftir atvikum til þín eftir því sem lög mæla fyrir um.

Teljir þú að samskipti þín við okkur séu ekki örugg, biðjum við þig um að láta okkur umsvifalaust vita um vandamálið með því að senda póst á netfangið heimavist@heimavist.is.

## Hve lengi eru persónuupplýsingar geymdar?

Persónuupplýsingar geymum við aðeins svo lengi sem nauðsyn ber til í þeim tilgangi sem þeirra var aflað. Geymslutími slíkra persónuupplýsinga fer eftir eðli upplýsinganna og þeim lagareglum sem gilda um viðkomandi vinnslu persónuupplýsinga, t.d. skatta- eða bókhaldslöggjafar. Í einstaka tilvikum kann einnig að vera nauðsynlegt að geyma gögn vegna lögmætra hagsmuna Lundar, t.d. vegna deilumála.

## Réttur þinn

Í vissum tilvikum átt þú réttindi samkvæmt persónuverndarlöggjöf í tengslum við vinnslu okkar á persónuupplýsingum. Ef þú vilt neyta þessara réttinda biðjum við þig að hafa samband við okkur og við munum leitast við að svara beiðni þinni eins fljótt og auðið er (í flestum tilvikum innan eins mánaðar frá móttöku) nema um sé að ræða margar eða umfangsmiklar beiðnir. Við kunnum að óska eftir viðbótarupplýsingum frá þér í tengslum við beiðni þína, t.d. vegna auðkenningar.

**Réttur til aðgangs:** Þú átt rétt á að óska eftir aðgangi að persónuupplýsingum um þig og að fá afhent afrit upplýsinganna. Með þeim hætti getur þú fullvissað þig um að upplýsingarnar séu réttar og að vinnsla okkar á þeim sé í samræmi við lög.

**Réttur til leiðréttingar:** Ef einhverjar upplýsingar um þig eru rangar eða ónákvæmar átt þú almennt rétt á að láta okkur leiðrétta þær.

**Réttur til eyðingar:** Í vissum tilvikum getur þú átt rétt á að við eyðum persónuupplýsingum sem við geymum um þig. Þetta á einkum við í þeim tilvikum þar sem upplýsingarnar eru ekki lengur nauðsynlegar, ef þú hefur andmælt vinnslu upplýsinganna (sbr. hér að neðan), ef vinnslan reynist ólögmæt, eða ef vinnslan byggði á samþykki sem þú hefur síðar afturkallað. Lundur áskilur sér þó rétt til að meta í hvert eitt sinn hvort skylt sé að eyða gögnum.

**Réttur til að andmæla vinnslu:** Ef vinnsla okkar byggir á almannahagsmunum og/eða lögmætum hagsmunum Lundar eða annarra og þú telur að vegna aðstæðna þinna brjóti vinnslan gegn grundvallarréttindum þínum, getur þú andmælt vinnslunni. Ef þú andmælir, hættum við vinnslunni nema við getum bent á ríkari lögmæta hagsmuni af að halda henni áfram.

**Réttur til takmörkunar á vinnslu:** Í eftirtöldum tilvikum átt þú rétt á að við stöðvum vinnslu persónuupplýsinga:

- Ef þú véfengir að persónuupplýsingarnar séu réttar (þangað til við getum staðfest að þær séu réttar).
- Vinnslan er ólögmæt, en þú vilt ekki að persónuupplýsingunum sé eytt.
- Við þurfum ekki lengur á persónuupplýsingunum að halda fyrir vinnsluna en þú þarfnast þeirra til þess að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur.
- Þú hefur andmælt vinnslunni, sbr. að ofan. Í því tilviki stöðvum við vinnslu meðan við höfum ekki bent á ríkari lögmæta hagsmuni okkar af vinnslunni að halda henni áfram.

**Réttur til að afturkalla samþykki:** Í þeim tilvikum þar sem við byggjum vinnslu á samþykki þínu er þér ávallt heimilt að afturkalla slíkt samþykki. Afturköllun þýðir þó ekki að vinnsla sem fór fram áður en samþykki var afturkallað sé ólögmæt.

## Tengiliður

Ef þú hefur spurningar, athugasemdir, eða kvartanir fram að færa varðandi þessa persónuverndaryfirlýsingu eða meðferð Lunda á persónuupplýsingum getur þú haft samband í gegnum netfangið [heimavist@heimavist.is](mailto:heimavist@heimavist.is)

Ef þú telur þig ekki fá úrlausn þinna mála hjá tengilið er þér ávallt heimilt að beina kvörtun til Persónuverndar (vefsíða: [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)).

## Breytingar

Persónuverndaryfirlýsing þessi var samþykkt þann 21. febrúar 2024.

Persónuverndarstefna okkar er í stöðugri skoðun og því kann þessari persónuverndaryfirlýsingu að verða breytt. Við munum birta allar slíkar breytingar á vefsíðu okkar.

Með sama hætti er okkur mikilvægt að upplýsingar um þig séu ávallt sem réttastar. Því biðjum við þig góðfúslega að láta okkur vita ef tengiliðaupplýsingar þínar (t.d. símanúmer þitt eða netfang) eða aðrar upplýsingar breytast.